

Mál nr. 360/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Greiðslukortatrygging.

Gildissvið vátryggingar.

Gögn.

1. Málskot móttakið 23. september 2024, ásamt fylgiskjöllum.
2. Bréf V dags. 10. október 2024 ásamt fylgiskjöllum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 13. október 2024.
4. Viðbótargögn frá V dags. 28. október 2024.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M og eiginkona hans hafi hugst fara með vinum og kunningjum til Skotlands og Orkneyja dagana 30. apríl til 7. maí 2024. Hvert og eitt þeirra hafi bókað flugferðir en jafnframt hafi verið samið við ferðaskrifstofu á Orkneyjum um „ferðapakka“, þ.e. rútuferðir, leiðsögn, ferjur, máltíðir og fleira. Rétt fyrir fyrirhugaða brottför hafi þau hjónin orðið að hætta við ferðina vegna andláts nákomins ættingja og þar sem fyrirvarinn hafi verið skammur hafi „ferðapakkin“ ekki fengist endurgreiddur. Hafi V þá aðeins viðurkennt greiðsluskyldu bóta að hluta, þ.e. vegna flugs, rúta, ferja og gistingar en ekki kostnað við dagskrána á Orkneyjum. Í skilmálum V komi fram að félagið bæti ferðakostnað sem ekki fáið endurgreiddur komist vátryggður ekki í ferðina vegna m.a. andláts náins ættingja og sé vægast sagt undarlegt teljist umræddur ferðapakki ekki til ferðakostnaðar í þeim skilningi.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að ekki sé ágreiningur um bótaskyldu sem slíka og hafi M þegar fengið greiddur bætur vegna ferðakostnaðar. Ágreiningur sé hins vegar um hvað teljist til „ferðakostnaðar“ í skilningi skilmálanna. Vísar V til þess að í skilmálum vátryggingarinnar sé að finna skilgreiningu á því hugtaki og undir það falli fargjald og gistikostnaður. Vátryggingin taki hins vegar ekki til kostnaðar eins og dagskrár, leiðsagnar, máltíða o.fl. Eigi V því ekki rétt á frekari bótageiðslum.

Í viðbótarathugasemdum sínum kallar M eftir rökstuðningi á því hvernig í ósköpunum sannanlega útlagður kostnaður til ferðaskrifstofu geti fallið utan við ferðatryggingu.

Álit.

Í forfallatryggingarlið greiðslukortatryggingar M hjá V kemur fram að félagið bæti ferðakostnað sem greiddur er fyrir fram eða samið er um fyrirframgeiðslu á og fæst ekki endurgreiddur, að hámarki kr. 700.000 vegna hvers einstaks vátryggingaratburðar, ef hinn vátryggði kemst ekki í ferð af nánar tilgreindum ástæðum. Meðal þeirra ástæðna sem eru tilgreindar er andlát náins ættingja. Er því ekki deilt um að bótaskylda sem slík sé til staðar. Í skilgreiningakafli vátryggingarskilmálanna er þá að finna skilgreiningu á hugtakinu „ferðakostnaður“ og kemur fram að það merki „fargjald og gistikostnað“. Ekki er því um það að ræða að bótaskylda sé til staðar vegna alls þess kostnaðar sem vátryggður kann að leggja út í við skipulagningu eða kaup á ferð og er óendurkræfur og er V heimilt takmarka ábyrgð sína í skilmálum með þessum hætti.

Undir rekstri málsins kallaði nefndin eftir frekari gögnum frá V, þ.e. öllum þeim kvittunum og öðrum gögnum sem fylgdu tjónstilkynningu M til félagsins. Meðal gagna er yfirlýsing X sem tók að sér að skipuleggja ferðalagið fyrir hönd hópsins, dags. 8. maí 2024. Kemur þar fram að fyrir utan flug hafi útlagður kostnaður M og eiginkonu hans numið 434.806 kr. samtals. Er þessi kostnaður nánar sundurliðaður og kemur fram að rútukostnaður hafi numið 39.266 kr., vegna leiðsagnar um Katanes hafi verið greiddar 10.226 kr., ferjur hafi kostað samtals 14.112 kr., kostnaður vegna gistingar hafi numið 183.432 kr., kostnaður vegna dagskrár á Orkneyjum 129.962 kr., og kostnaður vegna fararstjórnar og undirbúnings X 57.768 kr. V féllst á að bæta framangreint að frádregnum kostnaði vegna leiðsagnar um Katanes, dagskrár á Orkneyjum og greiðslu til X vegna fararstjórnar. Þá virðist ekki ágreiningur um að tjón M og eiginkonu hans vegna flugfargjalds hafi verið bætt.

Verður samkvæmt framansögðu að telja að slík afgreiðsla hafi verið til samræmis við skilmála V, þ.e. að kostnaður vegna fargjalds og gistingar sé bættur, en að leiðsögn, kostnaður við fararstjórn og

aðgangseyrir ýmiss konar auk máltíða falli utan við skilgreiningu „ferðakostnaðar“ í skilmálum vátryggingarinnar.

Hefur M því ekki tekist að sýna fram á að hann eigi frekari rétt til bóta en sem nemur þeirri fjárhæð sem V hefur þegar greitt.

Niðurstaða.

M á ekki frekari rétt til bóta úr greiðslukortatryggingu sinni hjá V.

Reykjavík, 5. nóvember 2024.
rafræn undirskrift

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir